

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Svanabyggð 23, L166893, stækkun lóðar.

Um er að ræða tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðar Svanabyggðar 23, L166893. Í breytingunni felst stækkun lóðar og byggingarreits. Samhliða er sett fram kvöð sem tekur til drenskurðar sem tekur við yfirborðs- og leysingavatni frá lóðum á svæðinu.

Samþykkt í sveitarstjórn 8. júlí 2024.

Deiliskipulag, Ás L166710, ný íbúðarhúsalóð, Ás 2.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag er varðar skilgreiningu á lóð og byggingarreit ásamt byggingarheimildum fyrir um 1,5 ha íbúðarlóð úr jörðinni Ási. Innan lóðar verði gert ráð fyrir uppbyggingu einbýlishúss ásamt bílskúr auk gestahúss. Í breytingunni felst að byggingarreitur er skilgreindur í 80 fermetra fjarlægð frá Hrunavegi sökum aðstæðna í landi.

Samþykkt í sveitarstjórn 18. apríl 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 12. ágúst 2024.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.